

123/65 Fundur

Miðvikudagskvöldið 10. apríl 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2. Fundur hófst kl. 20.07

Mættir: Gunnlaugur Ólafsson, Oddur Skúlason, Sigurður Ragnar Kristinsson, Henry Ásgrímsson, Steinn Karlsson og Björn Ingimarsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna. Oddviti óskaði eftir breytingu á dagskrá, tvö fundarboð undir 4.lið á dagskrá. Samþ. samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur 27. febrúar 2002. Samþ. samhlj.
- Landbúnaðarnefnd 7. mars 2002. Samþ. samhljóða.
- Hafnarnefnd 4. apríl 2002. Samþ. samhljóða
- Landbúnaðarnefnd 4.apríl 2002. Samþ. samhlj.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Heilbr.eftirlit Norðurl. eystra 43. fundur 18.feb. 2002. Samþ. samhljóða
- Eyþing 128 fundur 20.feb. 2002. Samþ. samhljóða
- Eyþing, fundur með héraðsráðum Eyjafj. og Þingeyinga. Kynning.
- Samstarfsn. Kennarasamb. Ísl. og Launanevndar sveitarfélaga 23. feb. 2002. Kynning.
- Heilbr. eftirlit Norðurl. eystra 44. fundur 11. mars 2002. Samþ. samhljóða
- Launanevnd sveitarfélaga og Starfsgreinasamb. Ísl. 20.mars 2002. Kynning
- Eyþing 129. stjórnarfundur 20. mars 2002. Samþ. samhljóða.
- Dvalar og hjúkrunarheimilið Naust 27. mars 2002. Samþ. samhljóða.

3. Skýrsla sveitarstjóra

- Björn flutti greinargóða skýrslu. Til kynningar.
- Samningur um afhendingu Sigmarssafn til Sauðaneshúss.

4. Innsend erindi.

Til afgreiðslu:

- Athugasemd frá Snarvirkja ehf. vegna kaupa á eldviðvörunarkerfi í grunnskólann. Bréf dags. 20. mars 2002. Björn kynnti tilboð frá Snarvirkja. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með slökkvistjóra. Samþ. samhljóða.
- Samningur um leigu lands (5h.) til Kvíslamótafélagsins. Gunnlaugur kynnti málin, en vék síðan af fundi, Steinn vék einnig af fundi. Samningurinn samþykktur samhljóða. Gunnlaugur og Steinn tóku til starfa á fundi aftur, er þessari afgreiðslu var lokið.
- Ráðstefna - íþróttir og tómsundur fyrir þig. Erindinu hafnað. Samþ. samhljóða.
- Aðalfundur Lífeyrissjóðs Norðurlands 18. apríl 2002. Ákveðið samhljóða að senda engan fulltrúa.
- Aðalfundur Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis 11. apríl n.k. Sveitarstjóra falið að fara með umboð Þórshafnarhrepps á fundinn, eða framselja til hreppsnefndarmanna, óski þeir þess. Samþ. samhljóða.

Til kynningar:

- Dagur fjölskyldunnar 15. maí 2002.
- Félagsmálaráðuneytið. Aukinn hlutur kvenna í stjórn málum.
- Samb. ísl. sveitarf. Ráðstefna um símenntun.
- Hafnasamband sveitarfélaga. Drög að nýjum lögum.
- Umhverfisráðuneytið. Dagur umhverfisins 25. apr.2002.

- Samb. ísl. sveitarf. Ályktanir fyrri fullrúaráðsfundar 2002.
- Samb. ísl. sveitarfélaga. Norræna sveitarstj. ráðstefnan í Esbo 5-7. maí n.k.
- Félagsmálaráðuneytið. Undirbúningur og framkvæmd sveitarstjórnakosn. 2002.

5. Tækjabíll. Staða og framvinda mála.

- Björn kynnti málið og lagði fram eftirfarandi tillögu. " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samkomulagi við Rauða krossdeildina á Þórshöfn um að Þórshafnarhreppur hýsi tækjabifreið deildarinnar og annist rekstur hennar. Jafnframt skal, í samráði við Rauða krossdeildina, leita eftir frekari framlögum styrktaraðila til að mæta umframkostnaði vegna standsetningar bifreiðarinnar" Samþ. samhljóða.

6. Ferðamálafulltrúi í maí - júlí 2002.

- Björn kynnti málið, og lagði fram eftirfarandi bókun. Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Sigfús Ólafsson um að gegna starfi ferðamálafulltrúa hjá sveitarfélaginu frá miðjum maí til loka júlí. Meginverkefni ferðamálafulltrúa skal vera að vinna að stefnumótun ferðamála á svæðinu ásamt því að sinna tilfallandi verkefnum tengdum ferðamálum. Haft skal samráð við fulltrúa Svalbarðshrepps við frágangs samnings við Sigfús, enda mun Svalbarðshreppur koma að kostun verkefnisins miðað við höfðatöluskiptingu" Samþ. samhljóða.

7. Ársreikningur Þórshafnarhrepps 2001 fyrri umræða.

- Björn kynnti drög að skýrslu endurskoðanda, sem er í vinnslu ennpá. Oddviti óskaði eftir að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu. Samþ. samhljóða.

8. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2002. - Seinni umræða -.

- Oddviti gaf Birni orðið og kynnti hann þær breytingar, sem hafa verið gerðar frá fyrri umræðu. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2002. Samþ samhljóða og undirrituð.

9. Einkamál.

- Oddviti óskaði eftir að þessi liður yrði á lokuðum fundi, strax á eftir þessum fundi. Samþ. samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða

Fundi slitið kl. 22.36 Kristín Kristjánsdóttir, ritari.